



Örorkutrygging vegna slysa

Vátryggingarskilmálar nr. SS15

Um vátrygginguna gilda:

- Vátryggingarskírteinið ásamt áritunum og sérskilmálum.
- Skilmálar þessir nr. SS15.
- Sameiginlegir skilmálar félagsins nr. YY10.
- Lög um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

Ákvæði í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun ganga framur ákvæðum í skilmálum. Ákvæði í vátryggingarskírteini, endurnýjunarkvittun og skilmálum ganga framur frávikjanlegum lagaákvæðum.

Efnisyfirlit:

1. Vátryggður
2. Vátryggingin gildir
3. Hugtakið slys
4. Bótasvið
5. Sérstakar takmarkanir á bótaskyldu
6. Áhættubreyting
7. Útreikningur iðgjalds
8. Greiðsla iðgjalds
9. Endurgreiðsla iðgjalds
10. Vátryggingarfjárhæð
11. Ákvörðun bóta
12. Fyrning

1. Vátryggður

Vátryggður er sá sem tilgreindur er í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.

2. Vátryggingin gildir

Vátryggingin gildir hvar sem er í heiminum.

3. Hugtakið slys

Með hugtakinu slys er átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð sem veldur meiðslum á líkama þess sem vátryggður er og gerist án vilja hans.

4. Bótasvið

4.1 Félagið greiðir bætur vegna slyss er vátryggður verður fyrir ef það leiðir til varanlegrar læknisfræðilegrar örorku.

4.2 Félagið greiðir kostnað vegna nauðsynlegra læknisvottorða í tengslum við vátryggingaratburð þegar þeirra er aflað að beiðni félagsins.

Félagið greiðir ekki bætur vegna slysa sem verða:

- 4.3. Af völdum skráningarskylds vélknúins ökutækis á Íslandi eða vélknúins ökutækis, sem skráð er erlendis, þar sem lögboðið er að vátryggja vegna slíkra slysa.
- 4.4. Í keppni eða við æfingar til undirbúnings fyrir keppni í hvers konar íþróttum.
- 4.5. Við að klífa fjall, í bjargsigi, hnefaleikum, hvers konar glímu- og bardagaíþróttum, akstursíþróttum, drekaflugi, svifflogi, fallhlífarstökki, froskköfun og teygjustökki.
- 4.6. Í flugi, nema vátryggður sé farþegi í áætlunar- eða leiguflugi á vegum aðila sem hefur tilskilin leyfi hlutaðeigandi flugmálafyrivalda.
- 4.7. Í handalögmálum eða við þátttöku í refsiverðum verknaði.
- 4.8. Af völdum ljósabaða, lækningameðferðar, skurðaðgerðar eða lyfjanotkunar, nema meðferðin sé að læknisráði vegna bótaskylds slyss og gerð á viðurkenndri heilbrigðisstofnun.
- 4.9. Af völdum matar- eða drykkjareitrunar.
- 4.10. Af völdum eittraðra lofttegunda, nema eitrunin hafi orðið skyndilega og án vilja vátryggðs.
- 4.11. Af völdum sýkingar vegna skordýrabits eða stungu.
- 4.12. Beint eða óbeint vegna blindu, mikillar nær- eða fjarsýni, sjóndepru, heyrnardeyfðar, lómunar, bæklunar, geðveiki, flogaveiki, heilaáfalls, hjartaáfalls, sykursýki eða annarra alvarlegra sjúkdóma eða veiklunar.
- 4.13. Beint eða óbeint af völdum hryðjuverka vegna hvers konar líffræðilegra eða efnafræðilegra áhrifa og/eða eitrunar, þ.m.t. vegna sýkla og veira, eða þegar afleiðingar slyss verða meiri vegna framangreindra atriða.

5. Sérstakar takmarkanir á bótaskyldu

Vátryggingin bætir ekki tjón eða aukningu á tjóni sem beint eða óbeint hlýst af eða er af völdum:

- 5.1. Jarðskjálfta, eldgoss, skriðufalls, snjóflóðs eða annarra náttúruhamfara.



5.2 Styrjaldar, innrásar, hernaðaraðgerða, borgarrósta, uppreisnar, uppþots, verkfalls eða svipaðra aðgerða.

5.3 Kjarnabreytingar, jónandi geislunar, mengunar af geislavirkum efnum, kjarnaeldsneytis eða kjarnaúrgangsefnis.

6. Áhættubreyting

Breyti váttryggður um starfsvettvang skal hann tilkynna félaginu um það án ástæðulauss dráttar. Vanræksla á því getur leitt til þess að ábyrgð félagsins vegna hvers váttryggingaratburðar verði hlutfallslega lækkuð, sbr. 88. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

7. Útreikningur iðgjalds

7.1 Iðgjald váttryggingarinnar er reiknað út frá starfi váttryggðs.

7.2 Iðgjaldið breytist við endurnýjun váttryggingarinnar í samræmi við breytingar á vísitölu neysluverðs.

8. Greiðsla iðgjalds

8.1 Iðgjald fyrir váttrygginguna fellur í gjalddaga þegar greiðsla þess er krafist.

8.2 Vanskil á greiðslu iðgjalds geta valdið réttindamissi og niðurfellingu váttryggingarsamnings, sbr. 96. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

9. Endurgreiðsla iðgjalds

Falli váttryggingarsamningur úr gildi áður en váttryggingartímabili lýkur endurgreiðir félagið iðgjald í hlutfalli við þann tíma sem váttryggður hefur greitt fyrir og váttryggingin er ekki í gildi. Þetta gildir þó ekki ef váttryggingarsamningur hefur fallið úr gildi vegna þess að félagið hefur fullnægt skyldum sínum með því að greiða bætur fyrir 100% varanlega læknisfræðilega örorku.

10. Váttryggingarfjárhæð

10.1 Grunnfjártryggingarfjárhæð örorkubóta kemur fram í váttryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.

10.2 Váttryggingarfjárhæð breytist í samræmi við vísitölu neysluverðs.

10.3 Sé váttryggður 70 ára eða eldri verða váttryggingar-fjárhæðir eftirtaldir hundraðshlutar af váttryggingarfjárhæðum:

- 70 ára 80%
- 71 árs 60%
- 72 ára 40%
- 73 ára og eldri 20%

10.4 Bætur reiknast á grundvelli váttryggingarfjárhæðar á slysdegi eins og hér segir:

10.4.1 Örorkubætur breytast í réttu hlutfalli við breytingu vísitölnunnar frá slysdegi til uppgjörsdags. Vísitölubinding örorku varir þó aldrei lengur en í þrjú ár frá slysdegi.

11. Ákvörðun bóta

11.1 Bætur vegna varanlegrar læknisfræðilegrar örorku

11.1.1 Valdi slys váttryggðum varanlegri læknisfræðilegri örorku innan þriggja ára frá því slysið varð greiddast örorkubætur.

11.1.2 Ekki eru greiddar bætur vegna varanlegrar læknisfræðilegrar örorku ef hún er lægri en 16%.

11.1.3 Örorkuna skal meta í hundraðshlutum samkvæmt töflum Örorkunefndar um miskastig, sem eru í gildi þegar örorkumat fer fram. Við ákvörðun örorkunnar ber ekki að taka tillit til starfs, sérstakra hæfileika né þjóðfélagsstöðu. Slys sem eingöngu valda lýti skal ekki meta til örorku. Ef líkur eru til, að ástand váttryggðs megi bæta með skurðaðgerðum eða öðrum slíkum aðgerðum ber að taka tillit til hugsanlegs bata, sem slíkar aðgerðir kynnu að hafa í för með sér. Sé áverka hins slasaða ekki getið í töflum Örorkunefndar um miskastig skal meta hann sérstaklega með hliðsjón af töflunum. Vegna 100% varanlegrar læknisfræðilegrar örorku greiðist öll váttryggingarfjárhæðin, en við minni örorku hlutfallslega. Örorkan getur aldrei talist meiri en 100%.

11.1.4 Bætur vegna varanlegrar örorku greiddast í hlutfalli við grunnváttryggingarfjárhæð sem í gildi var á slysdegi þannig að hvert örorkustig frá 26-50% verkar tvöfalt og hvert örorkustig frá 51-75% verkar þrefalt og hvert örorkustig frá 76-100% verkar fjórfalt. Bætur við 100% varanlega örorku verða því 250% af grunnváttryggingarfjárhæð.

11.1.5 Ef missir útlíma, sjónar eða heyrnar er ekki alger bætist örorkan hlutfallslega. Ef útlímur eru algerlega ónothæfir telst það missir þeirra. Ef þeir eru að einhverju leyti nothæfir reiknast örorkan hlutfallslega.

11.1.6 Missir eða bæklun á útlím eða líffæri sem var ónothæft fyrir slysið gefur ekki rétt til bóta vegna varanlegrar læknisfræðilegrar örorku. Missir eða bæklun á útlím eða líffæri sem áður



var bæklað skal metið til örorku með hliðsjón af bækluninni fyrir slysið.

11.1.7 Örorkan skal að jafnaði metin einu ári eftir slysið, annars þegar læknir telur að varanlegar afleiðingar slyssins hafi komið í ljós, en þó ekki síðar en þremur árum eftir slysdag.

11.1.8 Leiði slys til varanlegrar læknisfræðilegrar örorku skulu félagið og váttryggður koma sér saman um einn hæfan matslækni til þess að meta afleiðingar slyssins.

11.2 Félaginu er heimilt að láta ráðgefandi lækni skoða váttryggðan.

11.3 Félaginu er heimilt að afla sér upplýsinga um fyrra heilsufar váttryggðs að fengnu samþykki hans.

12. Fyrning

Krafa um bætur fyrnist á 4 árum. Fresturinn hefst við lok þess almanaksárs þegar sá er kröfuna á fékk nauðsynlegar upplýsingar um þau atvik sem krafa hans er reist á. Krafan fyrnist þó í síðasta lagi á 10 árum eftir lok þess almanaksárs sem váttryggingaratburður varð.

Váttryggingarskilmálar þessir gilda frá 5 maí 2008.